

# Láki Máni og montrassinn





Þessi bók er í 5. flokki samkvæmt  
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar.



## Láki Máni og montrassinn

ISBN 978-9979-0-2531-3

© 2014 Kristín Helga Gunnarsdóttir

© 2014 Halldór Baldursson

Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2014

önnur prentun 2018

Menntamálastofnun

Kópavogi

Útlit og umbrot: Námsgagnastofnun

Prentun: Litróf ehf. – Umhverfissvottuð prentsmiðja



## Njósnavari


Láki Máni felur sig á bak við gardínu.  
Hann fylgist með fólki sem flytur  
inn í næsta hús.  
Þetta er dularfullt fólk.  
Svört sólgleraugu.  
Samt er ekki sólskin.  
Sportbílar. Bátur.  
Þarna er strákur með krullur.  
Hann er á svipuðum aldri og Láki Máni.  
Strákurinn sér Láka í glugganum.  
– Halló, njósnavari! hrópar strákurinn og ullar.  
Láki lætur sig hverfa.  
Dóni að reka út úr sér tunguna.  
Láki Máni má alveg góna  
út um sinn eigin glugga.

## Dóni

– Það er nýtt fólk í næsta húsi,  
segir mamma. Strákur á þínum  
aldri, Láki. Mamma hans er  
svo hugguleg kona.  
Strákurinn heitir  
Mikael Már.  
Þau eru að flytja  
heim frá Ameríku.

– Ég veit. Hann er með  
mér í bekk, svarar Láki.  
– En gaman. Kannski verður hann  
vinur þinn? segir pabbi.  
Þig vantar nú vini, Láki minn.  
Alvöru vini.  
– Nei. Hann er dóni og montrass.  
Mig vantar ekki vini.  
Ég er fínn með sjálfum mér.





## Gort

Láki Máni röltir heim úr skólanum.

Montrassinn gengur á stéttinni  
hinum megin.

– Hefurðu komið til útlanda?  
galar hann yfir götuna.

– Nei, svarar Láki Máni.

– Það getur ekki verið! hrópar strákurinn.  
Allir hafa komið til útlanda!

– Ekki ég, svarar Láki Máni. En systur  
mínar fóru til Færeyja, bætir hann við.

– Færeyja! Það eru ekki útlönd!

## Isspiss

– Ertu smákrakki? Montrassinn hlær.

– Hefur þú komið til útlanda?

spyr Láki Máni þá.

– Auðvitað. Ég hef komið í allar álfurnar.

Ég hef verið í Afríku, Ameríku og Asíu,  
gortar hann.


– Ég hef komið til Akureyrar.

Það byrjar líka á A, segir Láki Máni.

– Isspiss. Akureyri er ekki útlönd,  
segir montrassinn og hlær.

– Það er alla vega langt í burtu,  
galar Láki. Hann fer inn og  
skellir fast á eftir sér.





## Molar

Láki Máni situr við eldhúsbordðið.

Hann maular kex.

Það er barið fast á útihurðina.

Hann kíkir út í glugga.

Fyrir utan stendur montrassinn.

Hann er með kassa.

Láki Máni opnar.

– Ég er að selja konfektmola.

Viltu kaupa? spyr montrassinn.

Hann hlær og ullar á Láka Mána.

## Tilboð

- Ha? Láki Máni er hissa.
- Ég er að selja konfektmola.
- Ég vil ekki kaupa, svarar Láki.
- Þeir eru á tilboði, segir montrassinn.  
Sérstakt verð fyrir þig. Þetta er mjög  
fínt konfekt. Það er frá Austurríki.

- Nei, takk, segir Láki Máni.  
Hann skellir hurðinni á montrassinn.  
Montrassinn fær sér mola  
og spígsporar heim til sín.





## Hraðbátur

Láki Máni gengur heim úr skólanum.

Montrassinn kemur svífandi.

Hann er á rafmögnuðu hlaupahjóli.

- Hefurðu verið á hraðbát?
- Nei, svarar Láki Máni og flýtir sér.
- Við eigum hraðbát, segir montrassinn.
- Ég veit. Ég hef séð hann.
- Ég hef gist í honum, bætir montrassinn við.
- Gaman fyrir þig, svarar Láki.





## Ferja

- Hefurðu aldrei verið á sjó?  
spyr monstrassinn.
- Jú, svarar Láki Máni. Ég hef verið í ferju.  
En ég gisti ekki. Við sátum bara í matsalnum.
- Iss, það er ekkert. Það hafa allir komið í  
ferjur. Hraðbátar eru allt öðruvísi. Þeir fljúga.

Láki Máni greikkar sporið.

Hann hleypur heim.

Svo skellir hann hurðinni fast á eftir sér.

- Leiðinlegur monstrass, tautar Láki Máni.

## Kúlur

Láki Máni fær sér mjólk og kex.

Það er barið fast á útihurðina.

Láki Máni fer til dyra.

Á tröppunum stendur

montrassinn með kassa.

– Hæ, segir hann, ullar og hlær hátt.

Ég er að selja golfkúlur. Viltu kaupa?

– Golf hvað?

– Golfkúlur. Eruð þið ekki í golfinu?

– Nei takk og bless,

svarar Láki Máni.

Hann skellir hurðinni

fast á montrassinn.

– Vitleysingur,

hugsar Láki Máni

með sér.



## Gum

Það eru frímínútur.

Montrassinn segir sögur.

Hann gumar af ótemjureið í Arisóna.

Hann segir frá flugbátum á Flórída.

Hann lýsir vatnsrennibraut.

Hún er í hvalalaug.

Hann hermir eftir syngjandi öpum í Asíu.

– Þú hefur aldrei komið til Arisóna,

segir Láki Máni efins.

– Víst, svarar montrassinn. Ég hef oft komið þangað. Þar var ótemja.

Hún kastaði mér af baki.



## Nanana búbú

– Það eru ekki rennibrautir  
í hvalalaugum, segir stelpa.  
Það væri stórhættulegt.



– Víst, segir monstrassinn.  
Maður þýtur í gegnum glært rör.  
Rörið liggur í gegnum hvalalaug.  
Svo endar maður í annarri laug.  
Þar eru engir hvalir.  
Þetta er ekki rennibraut fyrir skræfur.  
Hún er fyrir vana kappa, eins og mig.  
Nanana búbú,  
segir monstrassinn og ullar.

## Belgingur

Láki Máni flýtir sér heim.

Hann vill ekki vera samferða  
montrassinum.

Montrassinn ferðast hratt á rafmagnshjóli.

Hann nær Láka Mána fljótt.

– Hefurðu smakkað krókódíllakjöt?

– Nei, svarar Láki Máni argur.

– Það er sælgæti, belgir hann sig.

Samt ekki eins gott og naggrísir  
og apar, segir Montrassinn.

– Þú lýgur. Þú hefur aldrei smakkað  
naggrísi og apa.



## Sandur

Láki Máni arkar hratt áfram.

– Nei, kannski ekki, svarar montrassinn.  
En ég hef borðað krókódíla og antilópur.



– Ég hef líka étið sand, segir Láki.  
Ég gerði það oft þegar ég var lítill.  
– Ha? Sand? Montrassinn er hissa.  
Láki Máni stekkur upp tröppurnar.  
Hann hverfur inn til sín.  
Dálítið montinn sjálfur.

## Sögur

Láki Máni fær sér mjólk og kex.

Það er barið á útihurðina.

Hann fer til dyra.

– Viltu kaupa sögur? spyr montrassinn.

– Sögur? Láki Máni er hissa.

– Já, ég er að selja sögur eftir mig.

Þetta eru sögur frá Ameríku, Asíu

og Evrópu. Sögur um krókódíla.

Sögur um villta hesta og apa.

Sögur um hvali

í sundlaugum.

Sniðugar sögur fyrir þig

til að fræðast.

Nú ullar montrassinn

og hlær.

Láki Máni skellir á hann.

Leiðindagaur,

hugsar Láki Máni.







## Grobb

Montrassinn segir grobbsögur  
í skólanum.

Hann talar um vin sinn sem er prins.

Prins Pétur býr í fjarlægju landi.

Páll pabbi hans er kóngur.

Montrassinn talar um höll.

Þar eru svartir svanir á tjörn.

Svo er bílabraut í rósagarðinum.

Montrassinn og prinsinn

aka brautina þegar þeim sýnist.

Þjónar færa þeim gos og sætindi.

Krakkarnir eru hættir að hlusta.

Þeir vilja frekar leika sér.

## Sund

Montrassinn eltir Láka Mána.

– Ég hef synt með höfrungum,  
segir montrassinn.

– Gott hjá þér, muldrar Láki.

– Hefur þú synt með höfrungum?

– Nei, svarar Láki og hugsar sig um.


En ég hef synt í fjallatjörn.

Þá synti ég með brunnsklu.

Þær festust við fætuna á mér.

Það þurfti að plokka þær af.





## Miðar

Það rignir.

Láki Máni fær sér mjólk og sultubrauð.

Einhver lemur fast á útihurðina.

Láki Máni kíkir út um gluggann.

Á tröppunum stendur montrassinn

Hann heldur á stórum miðum.

Hann sér Láka og veifar.

Æ! Láki Máni fer til dyra.

– Hættu að reyna að selja okkur drasl.

Við viljum ekki kaupa neitt,

segir Láki Máni.

Hann ætlar að loka á montrassinn.

## Gjöf

- Nei, nei, ekki loka! biður monstrassinn. Ég er ekki að selja neitt. Bara gefa.
- Gefa? Láki Máni opnar aftur. Hvað ertu að gefa?
- Ég er að gefa bíómiða, svarar hann glaður.
- Af hverju? spyr Láki Máni.
- Það eru tveir miðar lausir í Batabíó. Komdu með!
- Batabíó? Hmm. Hljómar spennandi. Láki Máni fer í stígvél og úlpu. Þeir hlaupa út í rigninguna.





## Týndir

Mamma Láka Mána hefur áhyggjur.

Það rignir ennþá. Nú er komið myrkur.

Pabbi Láka er úti í skúr að vinna.

Hann býr til höggmyndir.

– Hefurðu séð Láka Mána?

spyr mamma.

– Nei, svarar pabbi.

Pabbi fer inn og spyr systur Láka.

Þær hafa ekki hugmynd um Láka Mána.

Mamma fer út að leita.



## Leit

Nýja konan í næsta húsi leitar líka.

– Hefurðu séð strákinn minn? spyr hún.

– Nei, segir mamma Láka Mána.

Hefur þú séð minn?

– Nei. Ætli þeir séu saman?

– MIKKI MÁR! hrópar hún hátt.

– LÁKI MÁNI! galar mamma Láka.

Pabbarnir fara um hverfið.

Systurnar hjóla af stað.

Stóri bróðir Mikka Más

leitar á mótörhjóli.

Hvar geta þeir verið?

## Ljós

Í myrkrinu sér mamma Mikka ljós.  
Það er ljós í bátnum í innkeyrslunni.  
Hún hlustar. Það heyrir hlátur.  
Hann berst frá bátnum.  
Mömmurnar klifra upp í bátinn.  
Þær opna stýrishúsið.  
Vinir liggja þar í sófa.  
Þeir góna á bíó og borða popp.



## Kassabíll

Tveir vinir rölta heim úr skóla.

– Hei, Láki Máni.

Hefurðu keyrt kappakstursbíl?

– Nei, Mikki Már.


En hefur þú keyrt kassabíll?

– Hvað er það? spyr Mikki.

– Bíll sem ég smíðaði, svarar Láki.

Hann er heima hjá mér.

Á eftir skal ég leyfa þér að prófa.







## Ókeypis

- Láki, þetta er ókeypis, segir Mikki.
- Hvað meinarðu?
- Þetta. Að bruna saman á kassabíl.  
Það er ókeypis.
- Já, og að vera vinir, segir Láki.  
Það er ókeypis.



## Til kennara og foreldra!

Í Smábókaflokki Menntamálastofnunar eru bækur sem ætlað er að vekja lestraráhuga yngstu barnanna og veita þeim þjálfun í lestri. Leitast er við að höfða til ólíkra áhugasviða með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu.

Lögð er áhersla á að sögurnar höfði jafnt til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst kímigáfu lesenda. Bækurnar eru allar 24 blaðsíður og því auðvelt að ljúka við lestur bókar.

Á vefsíðunni *Íslenska fyrir yngsta stig – vefborg* eru fjölbreyttar kennsluhugmyndir með bókunum sem henta bæði í einstaklings- og hópvinnu og þangað má sækja verkefni með sögunni til að prenta út.

## Áður en bókin er lesin

Áður en lestur hefst ættu nemendur að skoða bókina, ræða um hana og kynna sér

- hver er höfundur hennar
- hver hefur teiknað myndirnar
- hvað bókin heitir, þ.e. titill
- um hvað hún fjallar

Einnig ættu nemendur að skoða vel myndirnar og gera sér í hugarlund hvað gerist í sögunni, hvar hún fer fram, hver atburðarásin er, hvaða persónur sjást á myndunum o.s.frv. Minnst nemendur þess að hafa lesið aðrar bækur um Láka?





# Láki Máni og montrassinn

Í næsta hús við Láka Mána  
flytur strákur með krullur.  
Hann er á svipuðum aldri  
og Láki Máni.

Pabbi Láka Mána vill  
að þeir verði vinir  
en Láki Máni er ekki  
sammála því.

Þetta er þriðja bókin um Láka Mána.

Áður hafa komið út bækurnar

- Láki Máni og þjófahyskið
- Láki Máni og letikeppurinn

Höfundur er Kristín Helga Gunnarsdóttir.

Myndir teiknaði Halldór Baldursson.

